

Fundargerð – 6. fundur stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla

Heimahús stjórnarmeðlims, 7. mars 2022

Mætt:

- Elín Ósk Hjartardóttir (ritari)
- Eygló Svala Arnarsdóttir (formaður)
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson (varaformaður)
- Hallfríður Brynjólfsdóttir (varamaður)
- Klara Geirsdóttir (gjaldkeri)

Fjarverandi:

- Bára Brynjólfsdóttir (varamaður)
- Berglind Rögnvaldsdóttir (meðstjórnandi)
- Þorsteinn V. Einarsson (varamaður)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)

Dagskrá:

Umsögn um safnskóla – næstu skref

Skólasund – Tillaga um að gera sund að valfagi á unglingsaldri

Öll saman í liði – hvað var rætt á fundinum?

Fræðsla – eitthvað að fréttu?

Innrásin í Úkraínu – fræðsla til nemenda?

Vorhátíð og aðrir viðburðir

Önnur mál

Umsögn um safnskóla – næstu skref

Skiluðum umsögn um skýrslu starfshóps um Vörðuskóla og nærliggjandi skólakerfis um miðjan febrúar. Lítið heyrst síðan skýrslu var skilað um hver næstu skref eru.

Fylgjumst áfram með, spurning um að heyra í Háteigsskóla eða heyra í Þóreyju (fjarverandi á fundi), hvort hún hafi eitthvað heyrt þar sem hún er í íbúaráði.

Skólasund – Tillaga um að gera sund að valfagi á unglingsaldri

Jákvætt fyrir börn sem eru orðin vel synd og þurfa ekki frekari sundkennslu. Þó ekki gott ef börn hafa val um að hætta sundkennslu ef ekki nógu vel synd.

Er enn á tillögustigi, virðist þó vera misjafnt eftir skólum hve langt vinnan er komin. Heyrum í skólaráði með þessa vinnu, hvort þau séu með þetta upp á borðum hjá sér.

Öll saman í liði – hvað var rætt á fundinum?

Halla sat fundinn sem var einskonar vinnufundur, setinn af fólki úr foreldrafélögum, frístundamiðstöðvum, skólum og íþróttafélagi hverfisins. Margt rætt á fundi svo sem ofbeldismenning, klámáhorf og símar í skólum. Mikið einblínt á „óþekku“ börnin.

Þó þurfi vissulega aukna aðstoð má ekki gleyma að sinna börnum sem fer minna fyrir.

Fræðsla – eitthvað að fréttu?

Lítið nýtt, síðast fundur með Berglinni skólastjóra stuttu eftir að covid bylgja skall á í Hlíðaskóla í desember. Ekkert heyrst eftir þann fund. Vika 6 var haldin án aðkomu foreldrafélags en einhver fræðsla sem fór fram á þeim dögum á vegum skólans.

Purfum að vera duglegri í að grípa boltann þegar tækifæri gefast. Umræður í samfélagi sem mættu vera teknar upp innan veggja skólans og einnig þurfa foreldrar að vera upplýstir um hvað gerist í skólanum svo hægt sé að ræða málin innan veggja heimilisins.

Innrásin í Úkraínu – fræðsla til nemenda?

Hvernig er verið að nálgast þetta í skólanum, er fræðsla til nemenda eða er þetta lítið rætt. Eygló ætlar að heyra í Berglinni hvort það sé eitthvað sem við getum hjálpað til með, eitthvað sem foreldrafélagið getur gert/boðið upp á. Rauði krossinn er mögulega með einhverja fræðslu sem hægt væri að bjóða upp á. Vinnuhópar fyrir börn á unglingastigi gætu verið góð hugmynd.

Einnig rætt hvernig við ætlum að taka á móti þeim fjölskyldum sem munu koma í hverfið og börnin sem munu byrja í skólanum.

Þarf að hafa í huga að börn frá Rússlandi gætu orðið fyrir aðkasti vegna þessa, þarf að passa vel upp á að upplýsa börnin.

Vorhátíð og aðrir viðburðir

Ræðum að skipa vorhátíðarnefnd, spurning um að heyra í bekkjarfulltrúum fyrst það má aftur fara að halda hátíðir og aðra viðburði. Hvort þau geti hjálpað til við að skipuleggja.

Spurning hvort hægt sé að fá styrk frá hverfisráði fyrir vorhátíð, hafa loksins veltibílinn, grilla pylsur og fleira skemmtilegt.

Einnig að auglýsa covid styrk aftur fyrir árganga til að gera eitthvað skemmtilegt í mars/apríl. Setja inn á facebook síðu/sendu til bekkjarfulltrúa um að nú sé þessi styrkur í boði og endilega að nýta sér hann.

Vorhátíðir eru oft meira fyrir yngri skólastigin. Ræðum hvað er hægt að gera fyrir unglingadeildina, hvort hægt sé jafnvel að heyra í krökkunum hvað þau vilja. Hægt að heyra í nemendaráði og biðja um hugmyndir.

Jafnvel ef 10. bekkur myndi vilja hafa einhverja fjáröflun, veitingasölu, leiksýningu eða eitthvað annað sniðugt á vorhátíð fyrir útskriftarferðina sína. Foreldrafélagið myndi jafnvel borga fyrir leikskýningu eða annað slíkt.

Önnur mál

Rætt hvernig er tekið á lesblindu eða öðrum námsörðugleikum innan skólans. Spurning um að senda á skólaráð fyrirspurn eða á Guðrúnu deildarstjóra.

Næsti fundur verður mánudaginn 4. apríl kl. 19:30.

Fundi slitið.

Fundargerð samþykkt rafrænt.